

Lýðfræði fyrirtækja

1. Tengiliður

1.1 Tengiliður stofnun	Hagstofa Íslands
1.2 Tengiliður deild	Fyrirtækjatölfræði
1.3 Nafn tengiliðar	Alina Kerul
1.6 Netfang tengiliðar	Alina.Kerul@hagstofa.is
1.7 Símanúmer tengiliðar	5281267

2. Lýsigögn uppfærð

2.3 Lýsigögn síðast uppfærð	8.4.2021
-----------------------------	----------

3. Framsetning

3.1 Lýsing á gögnum	Lýðfræði fyrirtækja er sett fram fyrir allar atvinnugreinar viðskiptahagkerfisins utan fjármála- og váttryggingastarfsemi. Yfirlitið inniheldur tölur um fjölda fyrirtækja hjá virkum fyrirtækjum, fyrirtækjum sem hófu eða hættu starfsemi, fyrirtækjum sem eru enn með starfsemi og fyrirtækjum í örum vexti aftur til ársins 2003. Um er að ræða árstölur um fjölda fyrirtækja og starfsmanna, rekstrartekjur og hlutfallslegar stærðir, sundurliðaðar eftir atvinnugreinum og stærðarflokkum.
---------------------	---

3.2 Flokkunarkerfi

ÍSAT2008 er íslensk atvinnugreinaflokkun sem byggir á atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins (NACE, 2. endursk.) sem gildir í öllum löndum Evrópska efnahagssvæðisins. ÍSAT2008 er fimm stafa flokkunarkerfi og eru fyrstu fjórir stafirnir eins og í NACE, 2. endursk. Nákvæma lýsingu á einstökum flokkum má finna á:

<https://www.hagstofa.is/utgafur/nanar-um-utgafu?id=54698>

Atvinnugreinar: Fyrirtæki eru flokkuð eftir aðalatvinnugrein þeirra, skv. ÍSAT2008. Launþegar og starfsmenn eru flokkaðir eftir aðalatvinnugrein fyrirtækis.

Atvinnugreinaflokkar: Hér eru birtar hagtölur fyrir nokkra atvinnugreinaflokka sem Eurostat, hagstofa Evrópusambandsins, hefur skilgreint. Dæmi um þannig flokk er „einkennandi greinar ferðapjónustu.“ Með því að nota flokka sem alþjóðastofnanir hafa skilgreint er hægt að skoða sambærileg gögn fyrir önnur lönd og bera saman milli landa.

Hér að neðan má sjá flokkun atvinnugreina:

- Eftirfarandi ÍSAT-bálkar og deildir tilheyra **viðskiptahagkerfinu utan fjármála- og váttryggingastarfsemi (ÍSAT nr. 03-63, 68-82, 95-96)**:
 - 03 Fiskveiðar og fiskeldi
 - B Námuþróftur og vinnsla hráefna úr jörðu
 - C Framleiðsla
 - D Rafmagns-, gas- og hitaveitur
 - E Vatnsveita, fráveita, meðhöndlun úrgangs og afmengun
 - F Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð
 - G Heild- og smásöluverslun, viðgerðir á vélknúnum ökutækjum
 - H Flutningar og geymsla
 - I Rekstur gististaða og veitingarekstur
 - J Upplýsingar og fjarskipti
 - L Fasteignaviðskipti
 - M Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi
 - N Leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta
 - 95 Viðgerðir á tölvum og hlutum til einka- og heimilisnota
 - 96 Önnur þjónustustarfsemi
- **Sjávarútvegur (ÍSAT nr. 031, 102)**
- **Fiskeldi (ÍSAT nr. 032)**

- **Veitinga- og gistinguþjónusta (ÍSAT nr. 551-553, 561, 563)**
- **Framleiðsla, án fiskvinnslu (ÍSAT nr. 101, 103-109, 11-33)**
- **Matvælaframleiðsla, án fiskvinnslu (ÍSAT nr. 101, 103-108)**
- **Tölvutengd þjónusta (ÍSAT nr. 582, 62, 631)** [skv. skilgreiningu Eurostat]:
 - Hugbúnaðarútgáfa (ÍSAT nr. 582)
 - Þjónustustarfsemi á sviði upplýsingatækni (ÍSAT nr. 62)
 - Gagnavinnsla, hýsing og tengd starfsemi, vefgáttir (ÍSAT nr. 631)
- **Rafmagns-, gas-, hitaveitur (ÍSAT nr. 35)**
- **Vatnsveita, fráveita, meðhöndlun úrgangs og afmengun (ÍSAT nr. 36-39)**
- **Byggingarstarfsemi, mannvirkjagerð, námugróftur og vinnsla hráefna úr jörðu (ÍSAT nr. 05-09, 41-43)**
- **Heild- og smásöluverslun, viðgerði á vélknúnum ökutækjum (ÍSAT nr. 45-47)**
- **Meðal- og hátækni framleiðsla (ÍSAT nr. 20, 254, 26-30, 325)** [skv. skilgreiningu Eurostat]:
 - Framleiðsla á efnum og efnavörum (ÍSAT nr. 20)
 - Vopna- og skotfæraframleiðsla (ÍSAT nr. 254)
 - Framleiðsla á tölvu-, rafeinda- og optískum vörum (ÍSAT nr. 26)
 - Framleiðsla á rafbúnaði og heimilistækjum (ÍSAT nr. 27)
 - Framleiðsla á öðrum ótöldum vélum og tækjum (ÍSAT nr. 28)
 - Framleiðsla á vélknúnum ökutækjum og tengivögnum (ÍSAT nr. 29)
 - Framleiðsla annarra farartækja (ÍSAT nr. 30)
 - Framleiðsla á tækjum og vörum til lækninga og tannlækninga (ÍSAT nr. 325)
- **Hátækniþjónusta (ÍSAT nr. 53, 58, 60-63, 72)** [skv. skilgreiningu Eurostat]:
 - Póst- og boðberaþjónusta (ÍSAT nr. 53)
 - Útgáfustarfsemi (ÍSAT nr. 58)
 - Útvarps- og sjónvarpsútsending; dagskrárgerð (ÍSAT nr. 60)
 - Fjarskipti (ÍSAT nr. 61)
 - Þjónustustarfsemi á sviði upplýsingatækni (ÍSAT nr. 62)
 - Starfsemi á sviði upplýsingaþjónustu (ÍSAT nr. 63)
 - Vísindarannsóknir og þróunarstarf (ÍSAT nr. 72)
- **Upplýsingatækni og fjarskipti (ÍSAT nr. 261-264, 268, 465, 582, 61-62, 631, 951)** [skv. skilgreiningu Eurostat]:
 - Framleiðsla á rafeindaíhlutum og spjöldum (ÍSAT nr. 261)

- Framleiðsla á tölvum og jaðarbúnaði (ÍSAT nr. 262)
- Framleiðsla fjarskiptabúnaðar (ÍSAT nr. 263)
- Framleiðsla á sjónvarps-, útvarps- og hljómtækjum og skyldum búnaði (ÍSAT nr. 264)
- Framleiðsla á segul- og optískum miðlum (ÍSAT nr. 268)
- Heildverslun með upplýsinga- og fjarskiptatæki (ÍSAT nr. 465)
- Hugbúnaðarútgáfa (ÍSAT nr. 582)
- Fjarskipti (ÍSAT nr. 61)
- Þjónustustarfsemi á sviði upplýsingatækni (ÍSAT nr. 62)
- Gagnavinnsla, hýsing og tengd starfsemi, vefgáttir (ÍSAT nr. 631)
- Viðgerðir á tölvum og fjarskiptabúnaði (ÍSAT nr. 951)
- **Upplýsinga- og dagskrármíðlun (ÍSAT nr. 581, 59-60, 639)** [skv. skilgreiningu Eurostat]:
 - Bókaútgáfa, tímaritaútgáfa og önnur útgáfustarfsemi (ÍSAT nr. 581)
 - Framleiðsla á kvikmyndum, myndböndum og sjónvarpsefni; hljóðupptaka og tónlistarútgáfa (ÍSAT nr. 59)
 - Útvarps- og sjónvarpsútsending; dagskrárgerð (ÍSAT nr. 60)
 - Önnur starfsemi á sviði upplýsingaþjónustu (ÍSAT nr. 639)
- **Fasteignaviðskipti (ÍSAT nr. 68)**
- **Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi (ÍSAT nr. 69-75)**
- **Leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta (ÍSAT nr. 77-82)**
- **Einkennandi greinar ferðaðjónustu á Íslandi (ÍSAT nr. 491, 4932, 4939, 501, 503, 511, 551-553, 561, 563, 771, 7721, 79, 5223, 9604):**
 - Farþegaflutningar á landi (ÍSAT nr. 491, 4932, 4939)
 - Farþegaflutningar á sjó og á skipgengum vatnaleiðum (ÍSAT nr. 501, 503)
 - Farþegaflutningar með flugi (ÍSAT nr. 511)
 - Hótel og gistiheimili; orlofsdvalarstaðir; tjaldsvæði, svæði fyrir húsbýla og hjólhýsi (ÍSAT nr. 551-553)
 - Veitingastaðir, krár, kaffihús, dansstaðir o.þ.h. (ÍSAT nr. 561, 563)
 - Leiga á vélknúnum ökutækjum; leiga á tómsunda- og íþróttavörum (ÍSAT nr. 771, 7721)
 - Ferðaskrifstofur, ferðaskipuleggjendur og önnur bókunarþjónusta (ÍSAT nr. 79)
 - Þjónustustarfsemi tengd flutningi með flugi (ÍSAT nr. 5223)
 - Nuddstofur, sólbaðsstofur, gufuböð o.þ.h. (ÍSAT nr. 9604)
- **Tækni- og hugverkaiðnaður (ÍSAT nr. 20, 254, 26-30, 325, 53, 58, 60-63, 72)** [skv. skilgreiningu Eurostat]:

- Framleiðsla á efnam og efnavörum (ÍSAT nr. 20)
- Vopna- og skotfæraframleiðsla (ÍSAT nr. 254)
- Framleiðsla á tölvu-, rafeinda- og optískum vörum (ÍSAT nr. 26)
- Framleiðsla á rafbúnaði og heimilistækjum (ÍSAT nr. 27)
- Framleiðsla á öðrum ótöldum vélum og tækjum (ÍSAT nr. 28)
- Framleiðsla á vélknúnum ökutækjum og tengivögnum (ÍSAT nr. 29)
- Framleiðsla annarra farartækja (ÍSAT nr. 30)
- Framleiðsla á tækjum og vörum til lækninga og tannlækninga (ÍSAT nr. 325)
- Póst- og boðberaþjónusta (ÍSAT nr. 53)
- Útgáfustarfsemi (ÍSAT nr. 58)
- Útvarps- og sjónvarpsútsending; dagskrárgerð (ÍSAT nr. 60)
- Fjarskipti (ÍSAT nr. 61)
- Þjónustustarfsemi á sviði upplýsingatækni (ÍSAT nr. 62)
- Starfsemi á sviði upplýsingaþjónustu (ÍSAT nr. 63)
- Vísindarannsóknir og þróunarstarf (ÍSAT nr. 72)
- **Farbegaflutningar (ÍSAT nr. 491, 4932, 4939, 501, 503, 511)**
- **Farbegaflutningar á sjó og landi (ÍSAT nr. 491, 4932, 4939, 501, 503)**

Fjöldi starfsmanna: Fyrirtæki eru sundurliðuð eftir fjölda starfsmanna.

Hér að neðan má sjá flokkun:

- 0 – fyrirtæki með engan starfsmann
- 1 – fyrirtæki með einn starfsmann
- 2 - 4 – fyrirtæki með tvo til fjóra starfsmenn
- 5 - 9 – fyrirtæki með fimm til níu starfsmenn
- 10+ – fyrirtæki með 10 eða fleiri starfsmenn
- Alls – öll skilgreind fyrirtæki

Virkur aldur: Fyrirtæki eru sundurliðuð eftir virkum aldri.

Hér að neðan má sjá flokkun:

- 0-5 ár – fyrirtæki með virkan aldur 5 ára eða minna
- 6 ár og eldra – fyrirtæki með virkan aldur 6 ára eða meira

Lýsigögn

3.3 Umfang efnis - þekja

100%, sjá að ofan.

3.4 Hagskýrslugerðarhugtök og skilgreiningar

Fjöldi virkra fyrirtækja í t: Fjöldi fyrirtækja sem eru skráð í fyrirtækjaskrá og hafa haft rekstrartekjur eða launakostnað á tímabilinu. Óvirkar einingar eru undanskildar. Einnig teljast með útibú erlendra aðila sem starfa hér á landi jafnvel þó einingin tilheyri erlendu fyrirtæki. Talningin tekur til allra eininga sem eru virkar á að minnsta kosti hluta viðmiðunartímabilsins.

Sjá nánar í REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 250/2009 og 2007 útgáfu handbókar OECD um gagnasöfnun tengda lýðfræði fyrirtækja.

Fjöldi starfsmanna: Fjöldi starfsmanna er skilgreindur sem heildarfjöldi einstaklinga sem starfa í viðkomandi einingu (að meðtöldum starfandi eigendum, félögum sem starfa reglulega í einingunni og ólaunuðum starfsmönnum í sömu fjölskyldu), auk einstaklinga sem vinna utan einingarinnar en tilheyra henni og fá greidd laun frá henni (þ.e. sölufulltrúar, sendlar og þeir sem annast viðgerðir og viðhald). Breytan tekur til fólks sem er fjarverandi um skamman tíma (þ.e. í sjúkraleyfi, launuðu leyfi eða sérstöku leyfi), auk þeirra sem eru í verkfalli, en ekki þeirra sem eru fjarverandi ótímabundið. Hún tekur einnig til starfsmanna í hlutastarfi, sem samkvæmt landslögum í viðkomandi landi teljast til starfsmanna í hlutastarfi og eru á launaskrá, auk árstíðabundins vinnuafls, lærlinga og starfsmanna með vinnuaðstöðu heima sem eru á launaskrá.

Fjöldi starfsmanna tekur ekki til mannafla sem önnur fyrirtæki sjá einingunni fyrir, einstaklinga sem sinna viðgerðum og viðhaldi í einingunni fyrir hönd annarra fyrirtækja, eða þeirra sem gegna lögboðinni herskyldu.

Með ólaunuðum starfsmönnum í sömu fjölskyldu er átt við einstaklinga sem búa með eiganda einingarinnar og starfa reglulega fyrir eininguna, en hafa ekki ráðningarsamning og fá ekki ákveðna fjárhæð fyrir þau störf sem þeir sinna. Þetta takmarkast við þá einstaklinga sem eru ekki á launaskrá hjá annarri einingu þar sem þeir gegna sínu aðalstarfi. Sjá nánar í REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 250/2009.

Rekstrartekjur: Rekstrartekjur eru sú heildarfjárhæð sem viðkomandi eining færir til reiknings á viðmiðunartímabilinu og svarar til sölu á vörum eða þjónustu til þriðja aðila. Vörusala nær yfir vörur sem fyrirtækið framleiðir, sem og varning sem smásali kaupir eða land eða aðrar eignir til endursölu (ef lönd og aðrar eignir voru upphaflega keyptar í fjárfestingartilgangi ætti ekki að telja þær með rekstrartekjum). Veiting þjónustu felur að jafnaði í sér að fyrirtæki vinnur verk samkvæmt samningi á umsömdu tímabili. Tekjur af langtímasamningum (t.d. byggingasamningum) ætti að færa með tilvísun til hvers verkáfanga sem lokið er í samningnum en ekki samkvæmt verklokkaaðferðinni.

Rekstrartekjur taka til allra gjalda og skatta á vörur eða þjónustu, sem einingin færir til reiknings, að undanskildum þeim virðisaukaskatti sem einingin færir viðskiptamanni beint til reiknings og öðrum svipuðum, frádráttarbærum sköttum sem tengjast beint rekstrartekjum.

Þær taka einnig til alls annars kostnaðar (vegna flutnings, þökkunar o.s.frv.), sem fellur á viðskiptamanninn, jafnvel þótt þessi kostnaður sé talinn upp sérstaklega í reikningnum. Draga verður frá verðlækkunir, afslátt og virði umbúða sem skilað er.

Framleiðsla til eigin nota eða fjárfestingar telst ekki til rekstrartekna.

Tekjur sem í ársreikningum fyrirtækja eru flokkaðar sem aðrar rekstrartekjur, fjármunatekjur og óreglulegar tekjur, sem og tekjur af notkun annarra á fyrirtækjaeignum sem gefa af sér vexti, rétthafa- og arðgreiðslur og aðrar tekjur samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IAS og IFRS) skulu falla utan rekstrartekjur. Rekstrarstyrkir frá opinberum yfirvöldum eða stofnunum Evrópusambandsins eru einnig undanskildir.

Sjá nánar í REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 250/2009.

Fjöldi fyrirtækja sem hættu starfsemi í t: Fjöldi fyrirtækja sem eru skráð í fyrirtækjaskrá og hafa sínar síðustu rekstrartekjur og síðasta launakostnað á tímabilinu og hafa hvorki rekstrartekjur og né launakostnað næstu tvö ár. Að hætta starfsemi jafngildir því að samsetningu framleiðsluþátta sé hætt, með þeim takmörkunum að engin önnur fyrirtæki eigi þar hlut að máli.

Í viðkomandi þýði er fjöldi fyrirtækja skráður eftir að leiðrétt hefur verið fyrir því þegar fyrirtæki skipta um kennitölu. Færslur í þýðið vegna samruna, þegar fyrirtæki er leyst upp, vegna uppskiptingar eða endurskipulagningar í fyrirtækjahópi falla ekki undir þessa breyту. Hún nær ekki heldur yfir færslur sem aðeins eru til komnar vegna breytinga á starfsemi.

Sjá nánar í REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 250/2009 og 2007 útgáfu handbókar OECD um gagnasöfnun tengda lýðfræði fyrirtækja.

Fjöldi fyrirtækja sem hófu starfsemi í t: Fjöldi fyrirtækja sem eru skráð í fyrirtækjaskrá og byrja að hafa rekstrartekjur eða launakostnað á tímabilinu og höfðu hvorki verið með rekstrartekjur né launakostnað síðustu tvö ár. Hafin starfsemi jafngildir því að samsetning framleiðsluþátta hafi verið sett saman á nýjan hátt, með þeim takmörkunum að engin önnur fyrirtæki eigi þar hlut að máli.

Í viðkomandi þýði er fjöldi fyrirtækja skráður eftir að leiðrétt hefur verið fyrir því þegar fyrirtæki skipta um kennitölu. Færslur í þýðið vegna samruna, þegar fyrirtæki er leyst upp, uppskiptingar eða endurskipulagningar í fyrirtækjahópi falla ekki undir þessa breyту. Hún nær ekki heldur yfir færslur í undirþýði sem aðeins eru til komnar vegna breytinga á starfsemi.

Sjá nánar í REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 250/2009 og 2007 útgáfu handbókar OECD um gagnasöfnun tengda lýðfræði fyrirtækja.

Fjöldi fyrirtækja sem hófu starfsemi árið t og voru virk í t+1: Fyrirtæki sem um getur í þessari breytu voru enn með starfsemi ef þau voru virk hvað varðar launaða atvinnu og/eða rekstrartekjur á stofnárinu og eftirkomandi ári. Þeim má skipta í tvo flokka:

- Fyrirtæki sem stofnað var á ári t telst enn í rekstri á ári t+1 ef það var virkt með tilliti til rekstrartekna og/eða launaðrar atvinnu á hvaða hluta ársins t+1 sem er (þ.e. var enn með starfsemi án breytinga).
- Fyrirtæki telst einnig enn með starfsemi þó að tengdar lögformlegar einingar, ein eða fleiri, séu ekki lengur virkar ef starfsemi þeirra hefur verið tekin yfir af nýrri lögformlegri einingu sem sérstaklega var stofnuð á sama ári til að taka yfir framleiðsluþætti þess fyrirtækis (þ.e. starfsemi heldur áfram eftir yfirtöku).

Sjá nánar í REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 250/2009 og 2007 útgáfu handbókar OECD um gagnasöfnun tengda lýðfræði fyrirtækja.

Fjöldi fyrirtækja sem hófu starfsemi árið t og voru virk í t+3: Fyrirtæki sem um getur í þessari breytu voru enn með starfsemi ef þau voru virk hvað varðar launaða atvinnu og/eða rekstrartekjur á stofnárinu og eftirkomandi árum. Þeim má skipta í tvo flokka:

- Fyrirtæki sem stofnað var á ári t telst enn í rekstri á ári t+3 ef það var virkt með tilliti til rekstrartekna og/eða launaðrar atvinnu á hvaða hluta árána t+1, t+2 og t+3 sem er (þ.e. var enn með starfsemi án breytinga).
- Fyrirtæki telst einnig enn með starfsemi þó að tengdar lögformlegar einingar, ein eða fleiri, séu ekki lengur virkar ef starfsemi þeirra hefur verið tekin yfir af nýrri lögformlegri einingu sem sérstaklega var stofnuð á sama ári til að taka yfir framleiðsluþætti þess fyrirtækis (þ.e. starfsemi heldur áfram eftir yfirtöku).

Sjá nánar í REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 250/2009 og 2007 útgáfu handbókar OECD um gagnasöfnun tengda lýðfræði fyrirtækja.

Fjöldi fyrirtækja sem hófu starfsemi árið t og voru virk í t+5: Fyrirtæki sem um getur í þessari breytu voru enn með starfsemi ef þau voru virk hvað varðar launaða atvinnu og/eða rekstrartekjur á stofnárinu og eftirkomandi árum. Þeim má skipta í tvo flokka:

- Fyrirtæki sem stofnað var á ári t telst enn í rekstri á ári t+5 ef það var virkt með tilliti til rekstrartekna og/eða launaðrar atvinnu á hvaða hluta árána t+1, t+2, t+3, t+4 og t+5 sem er (þ.e. var enn með starfsemi án breytinga).
- Fyrirtæki telst einnig enn með starfsemi þó að tengdar lögformlegar einingar, ein eða fleiri, séu ekki lengur virkar ef starfsemi þeirra hefur verið tekin yfir af nýrri lögformlegri einingu sem sérstaklega var stofnuð á sama ári til að taka yfir framleiðsluþætti þess fyrirtækis (þ.e. starfsemi heldur áfram eftir yfirtöku).

Sjá nánar í REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 250/2009 og 2007 útgáfu handbókar OECD um gagnasöfnun tengda lýðfræði fyrirtækja.

Fjöldi fyrirtækja í örum vexti, mælt í rekstrartekjum: Fyrirtæki sem höfðu haft að minnsta kosti 2 launþega í t-3 og höfðu yfir 10% meðalvöxt í rekstrartekjum á ársgrundvelli yfir þriggja ára tímabil (t-3 til t). Vöxtur er reiknaður út frá rúmfræðilegu meðaltali.

Þetta nær ekki yfir fyrirtæki sem hófu starfsemi í t-3 og voru virk í t, þar sem að þau fyrirtæki gætu hafa hafið starfsemi á seinni hluta ársins sem myndi skekkja niðurstöður fyrir vöxt á ársgrundvelli.

Sjá nánar í REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 250/2009 og 2007 útgáfu handbókar OECD um gagnasöfnun tengda lýðfræði fyrirtækja.

Fjöldi fyrirtækja í örum vexti, mælt í fjölgun launþega:

- **Fyrir fyrirtæki með 10 eða fleiri launþegum** – fyrirtæki á markaði sem höfðu haft að minnsta kosti 10 launþega í t-3 og höfðu yfir 10% meðalvöxt í fjölda launþega á ársgrundvelli yfir þriggja ára tímabil (t-3 til t). Vöxtur er reiknaður út frá rúmfræðilegu meðaltali.
- **Fyrir fyrirtæki með 1 eða fleiri launþegum og minna en 10 launþegum** – fyrirtæki á markaði sem höfðu haft að minnsta kosti 1 launþega og minna en 10 launþega í t-3 og höfðu yfir 3.31 launþega aukningu í fjölda launþega yfir þriggja ára tímabil (t-3 til t).

Þetta nær ekki yfir fyrirtæki sem hófu starfsemi í t-3 og voru virk í t, vegna þess að þau fyrirtæki gætu hafa hafið starfsemi á seinni hluta ársins sem myndi skekkja niðurstöður fyrir vöxt á ársgrundvelli.

Sjá nánar í REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 250/2009 og 2007 útgáfu handbókar OECD um gagnasöfnun tengda lýðfræði fyrirtækja.

Fjöldi fjögurra og fimm ára gamalla fyrirtækja í örum vexti, mælt í rekstrartekjum: Fjögurra og fimm ára gömul fyrirtæki sem höfðu að minnsta kosti 2 launþega í t-3 og höfðu yfir 10% meðalvöxt í rekstrartekjum á ársgrundvelli á þriggja ára tímabili (t-3 til t). Vöxtur er reiknaður út frá rúmfræðilegu meðaltali.

Þetta nær ekki yfir fyrirtæki sem hófu starfsemi í t-3 og voru virk í t, vegna þess að þau fyrirtæki gætu hafa hafið starfsemi á seinni hluta ársins sem myndi skekkja niðurstöður fyrir vöxt á ársgrundvelli.

Sjá nánar í 2007 útgáfu handbókar OECD um gagnasöfnun tengda lýðfræði fyrirtækja.

Fjöldi fjögurra og fimm ára gamalla fyrirtækja í örum vexti, mælt í fjölgun launþega:

- **Fyrir fjögurra og fimm ára gömul fyrirtæki með 10 eða fleiri launþegum** – fjögurra og fimm ára gömul fyrirtæki sem höfðu að minnsta kosti 10 launþega í t-3 og höfðu yfir 10% meðalvöxt í fjölda launþega á ársgrundvelli á þriggja ára tímabili (t-3 til t). Vöxtur er reiknaður út frá rúmfræðilegu meðaltali.

- **Fyrir fjögurra og fimm ára gömul fyrirtæki með 1 eða fleiri launþegum og minna en 10 launþegum** – fjögurra og fimm ára gömul fyrirtæki sem höfðu að minnsta kosti 1 launþega og minna en 10 launþega í t-3 og höfðu yfir 3.31 launþega aukningu í fjölda launþega yfir þriggja ára tímabil (t-3 til t).

Þetta nær ekki yfir fyrirtæki sem hófu starfsemi í t-3 og voru virk í t, vegna þess að þau fyrirtæki gætu hafa hafið starfsemi á seinni hluta ársins sem myndi skekkja niðurstöður fyrir vöxt á ársgrundvelli.

Sjá nánar í 2007 útgáfu handbókar OECD um gagnasöfnun tengda lýðfræði fyrirtækja.

Hlutfall fyrirtækja sem voru virk árið eftir að þau hófu starfsemi (%): Fjöldi fyrirtækja sem hófu starfsemi í t og voru virk í t+1, deilt með fjölda fyrirtækja sem hófu starfsemi í t.

Sjá nánar í 2007 útgáfu handbókar OECD um gagnasöfnun tengda lýðfræði fyrirtækja.

Hlutfall fyrirtækja sem voru virk þrem árum eftir að þau hófu starfsemi (%): Fjöldi fyrirtækja sem hófu starfsemi í t og voru virk í t+3, deilt með fjölda fyrirtækja sem hófu starfsemi í t.

Sjá nánar í 2007 útgáfu handbókar OECD um gagnasöfnun tengda lýðfræði fyrirtækja.

Hlutfall fyrirtækja sem voru virk fimm árum eftir að þau hófu starfsemi (%): Fjöldi fyrirtækja sem hófu starfsemi í t og voru virk í t+5, deilt með fjölda fyrirtækja sem hófu starfsemi í t.

Sjá nánar í 2007 útgáfu handbókar OECD um gagnasöfnun tengda lýðfræði fyrirtækja.

Hlutfall fyrirtækja í örum vexti, mælt í rekstrartekjum (%): Fjöldi fyrirtækja í t í örum vexti, mælt í rekstrartekjum, deilt með fjölda virkra fyrirtækja í t.

Sjá nánar í 2007 útgáfu handbókar OECD um gagnasöfnun tengda lýðfræði fyrirtækja.

Hlutfall fyrirtækja í örum vexti, mælt í fjölgun launþega (%): Fjöldi fyrirtækja í t í örum vexti, mælt í fjölgun launþega, deilt með fjölda virkra fyrirtækja í t.

Sjá nánar í 2007 útgáfu handbókar OECD um gagnasöfnun tengda lýðfræði fyrirtækja.

Hlutfall fjögurra og fimm ára gamalla fyrirtækja í örum vexti, mælt í rekstrartekjum (%): Fjöldi fjögurra og fimm ára gamalla fyrirtækja í t í örum vexti, mælt í rekstrartekjum, deilt með fjölda virkra fyrirtækja í t.

Sjá nánar í 2007 útgáfu handbókar OECD um gagnasöfnun tengda lýðfræði fyrirtækja.

Hlutfall fjögurra og fimm ára gamalla fyrirtækja í örum vexti, mælt í fjölgun launþega (%): Fjöldi fjögurra og fimm ára gamalla fyrirtækja í t í örum vexti, mælt í fjölgun launþega, deilt með fjölda virkra fyrirtækja í t.

Sjá nánar í 2007 útgáfu handbókar OECD um gagnasöfnun tengda lýðfræði fyrirtækja.

Hlutfall fyrirtækja sem hefja starfsemi af heildarfjölda virkra fyrirtækja í t (%): Fjöldi fyrirtækja sem hófu starfsemi í t, deilt með fjölda virkra fyrirtækja í t.

Sjá nánar í 2007 útgáfu handbókar OECD um gagnasöfnun tengda lýðfræði fyrirtækja.

Hlutfall fyrirtækja sem hættu starfsemi af heildarfjölda virkra fyrirtækja í t (%): Fjöldi fyrirtækja sem hættu starfsemi í t, deilt með fjölda virkra fyrirtækja í t.

Sjá nánar í 2007 útgáfu handbókar OECD um gagnasöfnun tengda lýðfræði fyrirtækja.

Hlutfall starfa í fyrirtækjum sem hófu starfsemi á árinu (%): Fjöldi starfsmanna hjá fyrirtækjum sem hófu starfsemi í t, deilt með fjölda starfsmanna hjá virkum fyrirtækjum í t.

Hlutfall starfa í fyrirtækjum sem hættu starfsemi á árinu (%): Fjöldi starfsmanna hjá fyrirtækjum sem hættu starfsemi í t deilt með fjölda starfsmanna hjá virkum fyrirtækjum í t.

Meiri upplýsingar um tölfræðilega aðferðafræði má finna:

- í 2007 útgáfu handbókar OECD um gagnasöfnun tengda lýðfræði fyrirtækja: e. Eurostat – OECD Manual on Business Demography Statistics

<http://ec.europa.eu/eurostat/ramon/statmanuals/files/KS-RA-07-010-EN.pdf>

- í reglugerð Evrópusambandsins nr. 250/2009 um hagskýrslur um skipulag fyrirtækja (e. Structural Business Statistics)

<http://www.efta.int/sites/default/files/documents/legal-texts/eea/other-legal-documents/solr/translated-legal-acts/icelandic/i32009R0250.pdf>

- í reglugerð Evrópusambandsins nr. 439/2014 um hagskýrslur um skipulag fyrirtækja (e. Structural Business Statistics).

<http://www.efta.int/sites/default/files/documents/legal-texts/eea/other-legal-documents/solr/translated-legal-acts/icelandic/i32014R0439.pdf>

3.5 Hagskýrslueining	Hagskýrslueining gagna eru fyrirtæki.
3.6 Þýði	<ul style="list-style-type: none"> • Virk fyrirtæki; • Fyrirtæki sem hófu starfsemi árið t og voru virk árin t+1, t+3 og t+5; • Fyrirtæki sem hættu starfsemi; • Fyrirtæki í örum vexti.
3.7 Svæði	Lýðfræði fyrirtækja (e. Business Demography Statistics) er ætlað að gera nákvæma greiningu fyrirtækjaþýðis og gefa mynd af meginðlegum og eigindlegum þáttum ýmissa hópa fyrirtækja og þróun þeirra yfir lengra tímabil.
3.8 Tímabil	Gögn ná yfir tímabilið 2003 –2019.
3.9 Grunntímabil	-
4. Mælieining	
4. Mælieining	Fjöldi/ Þúsundir króna. Upphæðir eru á verðlagi hvers árs.
5. Viðmiðunartími	
5. Viðmiðunartími	Árstölur vísa til almanaksárs og er tölunum ætlað að lýsa rekstri og afkomu fyrirtækja á viðkomandi ári.
6. Umboð	

6.1 Lög og reglugerðir	<p>Framkvæmd byggir á:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Reglugerð Evrópusambandsins nr. 295/2008 um hagskýrslur um skipulag fyrirtækja. http://www.efta.int/sites/default/files/documents/legal-texts/eea/other-legal-documents/solr/translated-legal-acts/icelandic/i32008R0295.pdf • Samkvæmt lögum um Hagstofu Íslands (163/2007) skal birta tölfræðilegar upplýsingar um landshagi Íslands. Einn liður í því er að birta hagtölur um rekstraraðila. http://www.althingi.is/lagas/nuna/2007163.html
7. Trúnaðarkvaðir	
7.1 Trúnaðarkvaðir - stefna	<p>Sjá reglur Hagstofunnar um meðferð trúnaðargagna: https://hagstofan.s3.amazonaws.com/media/public/2019/6d8c9437-2f2f-4aa6-93bf-22f20bac5c84.pdf</p>
7.2 Trúnaðarkvaðir – meðferð gagna	<p>Grunngögn eru varðveitt sem trúnaðarupplýsingar á Hagstofunni. Aðgangur að grunngögnum er bundin við þá starfsmenn Hagstofunnar sem vinna með gögnin. Hagstofan veitir ekki aðgang að grunngögnum en unnt er að fá sérvinnslur úr þeim að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Sjá nánar á: https://hagstofa.is/thjonusta/</p>
8. Reglur um birtingar	
8.1 Birtingaráætlun	<p>-</p>
8.2 Aðgengi að birtingaráætlun	<p>Birtingaráætlun er aðgengileg á vef Hagstofunnar: https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/birtingaraaetlun/</p>
8.3 Aðgengi fyrir notendur	<p>Tölurnar eru aðgengilegar notendum í gegnum vef Hagstofu Íslands: https://hagstofa.is/talnaefni/atvinnuvegir/fyrirtaeki/afkoma-fyrirtaekja/</p>
9. Tíðni birtinga	
9. Tíðni birtinga	<p>Árlega.</p>

10. Aðgengileiki og skýrleiki	
10.1 Fréttatilkynningar	Fréttir birtar á vef Hagstofunnar.
10.2 Útgáfur	Útgáfur birtar á vef Hagstofunnar.
10.3 Gagnasöfn á netinu	Hagtölur, efnisflokkaðar veftöflur á netinu má finna: https://hagstofa.is/talnaefni/atvinnuvegir/fyrirtaeki/afkoma-fyrirtaekja/
10.4 Aðgengi að örgögnum	-
10.5 Annað	Gögnin eru send til Eurostat og má finna: https://ec.europa.eu/eurostat/web/structural-business-statistics/entrepreneurship/business-demography Gögnin eru send til OECD og má finna: http://www.oecd.org/sdd/business-stats/structuralanddemographicbusinessstatisticsdbsoecd.htm
10.6 Skjöl um aðferðafræði	Upplýsingar um tölfræðilega aðferðafræði: <ul style="list-style-type: none">• í 2007 útgáfu handbókar OECD um gagnasöfnun tengda lýðfræði fyrirtækja: e. Eurostat – OECD Manual on Business Demography Statistics http://ec.europa.eu/eurostat/ramon/statmanuals/files/KS-RA-07-010-EN.pdf• í reglugerð Evrópusambandsins nr. 250/2009 um hagskýrslur um skipulag fyrirtækja (e. Structural Business Statistics) http://www.efta.int/sites/default/files/documents/legal-texts/eea/other-legal-documents/solr/translated-legal-acts/icelandic/i32009R0250.pdf• í reglugerð Evrópusambandsins nr. 439/2014 um hagskýrslur um skipulag fyrirtækja (e. Structural Business Statistics). http://www.efta.int/sites/default/files/documents/legal-texts/eea/other-legal-documents/solr/translated-legal-acts/icelandic/i32014R0439.pdf
10.7 Skjöl um gæðamál	Engin skjöl um gæðamál hagtalnanna eru tiltæk.

11. Gæðastjórnun

11.1 Trygging gæða

Sjá meginreglur um gæðastefnu:

<https://hagstofa.is/um-hagstofuna/stefnur-hagstofu-islands/gaedastefna-hagstofu-islands/>

11.2 Gæðamat

-

12. Notagildi

12.1 Þarfir notenda

Tölfræðin er unnin eftir forskrift í reglugerð Evrópusambandsins nr. 295/2008 um hagskýrslur um skipulag fyrirtækja (e. Structural Business Statistics).

<http://www.efta.int/sites/default/files/documents/legal-texts/eea/other-legal-documents/solr/translated-legal-acts/icelandic/i32008R0295.pdf>

Helstu notendur eru opinberir aðilar, alþjóðastofnanir, fyrirtæki, fjölmiðlar, hagsmunasamtök og almenningur sem nota gögnin í margvíslegum tilgangi, t.a.m. við efnahags- og markaðsrannsóknir.

Tölum um fjölda fyrirtækja og starfsmanna, og rekstrartekjur er ætlað að gefa mynd af þróun atvinnulífs til lengri tíma í einstökum atvinnugreinum.

12.2 Ánægja notenda

Engar mælingar hafa verið gerðar á ánægju notenda.

12.3 Heildstæðni

-

13. Nákvæmni og áreiðanleiki

13.1 Nákvæmni

Helsta gagnalindin eru skattframtöl rekstraraðila og rekstrarskýrslur einstaklinga frá Ríkisskattstjóra. Áreiðanleiki gagnanna er háður því að þessi lögboðna skylda sé virt og framtölin rétt fyllt út.

Í sumum tilfellum gefa skattframtöl ekki glögga mynd af rekstri fyrirtækja. Þetta getur t.a.m. átt við þegar fyrirtækjum er skipt upp á tekjuárinu þannig að rekstur sem áður tilheyrði móðurfélagi er færður yfir í dótturfélag og móðurfélagið verður að eignarhaldsfélagi eða höfuðstöðvum í framhaldinu. Einnig getur þetta t.d. átt við þegar félögum er skipt upp, þau sameinuð eða þau ganga í gegnum aðrar breytingar sem hafa áhrif á skattskilin. Í þessum tilfellum endurspeglar skattframtalið ekki endilega undirliggjandi grunnrekstur. Í einhverjum tilfellum liggja ekki fyrir skattframtöl fyrir einstök ár.

Fjöldi launþega er áætlaður út frá staðgreiðslugögnum og byggir nákvæmni gagna á þeim upplýsingum sem berast frá launagreiðanda til ríkisskattstjóra. Ekki er talið með reiknað endurgjald, þ.e. þegar eigendur fyrirtækja reikna sjálfum sér laun en skrá það ekki í staðgreiðsluskrá. Reiknaður er fjöldi einstaklinga sem fengu launagreiðslur frá ákveðnu fyrirtæki í hverjum mánuði. Síðan er tekið meðaltal yfir þá mánuði sem greidd voru laun. Þessi reikningsaðferð gefur besta mynd þegar fyrirtæki starfa aðeins hluta úr ári, en getur valdið tvítalningu þegar fyrirtæki skipta um kennitölu á miðju ári og starfsmenn færast með. Rétt er að benda á að hér er verið að reikna fjölda einstaklinga sem fengu greidd laun frá viðkomandi fyrirtæki, en ekki fjölda stöðugilda.

Reynt hefur verið að hreinsa burt orlofsgreiðslur til fyrrverandi starfsmanna, en þó gætu þess háttar greiðslur hafa slæðst með og þannig valdið oftalningu. Sömuleiðis er illmögulegt að leiðrétta fyrir afturvirkum greiðslum til fyrrverandi starfsmanna, t.d. í sambandi við kjarasamninga.

Atvinnugreinaflokkun er skv. ÍSAT2008 og byggir á Fyrirtækjaskrá Hagstofu Íslands. Flest fyrirtæki falla innan skilgreiningar einnar atvinnugreinar samkvæmt ÍSAT 2008 staðlinum en sum stærri fyrirtæki eru í fleiri en einni atvinnustarfsemi. Í þeim tilvikum ræður sú atvinnugrein sem færir fyrirtækinu hærri rekstrartekjur. Nærtækasta dæmi um þetta eru e.t.v. sjávarútvegsfyrirtæki, sem eru bæði í veiðum og vinnslu. Fiskveiðar tilheyra deild 03 - fiskveiðar og fiskeldi en fiskvinnsla tilheyrir deild 10 - matvælaframleiðsla. Hér og í mörgum tilfellum hér á landi eru flokkar 03.1 - fiskveiðar og 10.2 - fiskvinnsla, vinnsla krabbadýra og lindýra teknir saman.

13.2 Úrtaksvillur

Engin öryggismörk eru reiknuð þar sem um heildarsafn er að ræða.

13.3 Aðrar villur en úrtaksvillur (non-sampling errors)

Helstu skekkjuvaldar geta verið villur í skattframtölum eða að fyrirtæki/einstaklingar skili ekki inn framtölum til Ríkisskattstjóra.

Í sumum tilfellum breyta fyrirtæki kennitölum sínum um mitt ár og færa starfsmenn til nýrra fyrirtækja. Það gæti valdið rangri talningu launþega, starfsmanna og fyrirtækja.

Einnig skila launagreiðendur ekki alltaf gögnum í tæka tíð. Röng atvinnugreinaskráning fyrirtækja getur einnig valdið skekkju.

14. Tímanleiki og stundvísi

14.1 Tímanleiki

Endanlegar tölur eru gefnar út ekki síðar en 18 mánuðum eftir að viðmiðunarári lýkur.

14.2 Stundvísi

Í samræmi við birtingaráætlun Hagstofu Íslands. Birtingaráætlun er gefin út á vef Hagstofu Íslands í október hvert ár.

15. Samræmi og samanburðarhæfni

15.1 Samanburðarhæfni – landfræðileg

Hér að neðan eru taldar upp nokkrar aðrar hagtölur sem Hagstofa reiknar og hvað skilur þær að frá hagtölum um fjölda fyrirtækja, rekstrartekjur og starfsmanna.

- **Tölfræði um lýðfræði fyrirtækja fyrir aðildarlönd EES og aðra þátttakendur**, birt á vef Hagstofu Evrópusambandsins, Eurostat:
 - <http://ec.europa.eu/eurostat/web/structural-business-statistics/entrepreneurship/business-demography>
 - Tölur ná ekki yfir allra atvinnugreinaflokka.
- **Tölfræði um lýðfræði fyrirtækja fyrir aðildarlönd OECD**, birt á vef OECD:
 - <http://www.oecd.org/sdd/business-stats/structuralanddemographicbusinessstatisticsdbsoecd.htm>
 - Tölur ná ekki yfir allra atvinnugreinaflokka.

15.2 Samanburðarhæfni – yfir tíma

Gögnin eru samanburðarhæf milli ára þar sem samræmdum aðferðum er beitt frá ári til árs við útreikninga og vinnslu. Sambærileiki talna getur þó raskast vegna breyttra heimilda eða aðferða og einnig ef breyting verður á skilum til Ríkisskattstjóra. Einnig miðast atvinnugreinaflokkun í Fyrirtækjaskrá Hagstofu við almanaksár og ef fyrirtæki skiptir um atvinnugrein er það talið vera í þeirri atvinnugrein frá upphafi ársins sem skiptin eiga sér stað.

15.3 Samræmi – milli efnissviða	<p>Hér að neðan eru taldar upp nokkrar aðrar hagtölur sem Hagstofa reiknar og hvað skilur þær að frá hagtölum um fjölda fyrirtækja, rekstrartekjur og starfsmanna.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Afkoma fyrirtækja - fjöldi fyrirtækja og starfsmanna, rekstrartekjur, birt á heimasíðu Hagstofu Íslands: <ul style="list-style-type: none"> ▪ https://hagstofa.is/talnaefni/atvinnuvegir/fyrirtaeki/afkoma-fyrirtaekja/ <p>Tvennt ber að hafa í huga, að fyrirtæki sem hófu starfsemi er ekki sú sama og nýskráningar fyrirtækja, og fyrirtæki sem hættu starfsemi er ekki sú sama og gjaldþrot fyrirtækja.</p>
15.4 Samræmi – innan efnissviðs	<p>Samskonar skilgreiningum og flokkunarkerfum er beitt við hagtölugerð innan efnissviðsins.</p>
16. Kostnaður og svarbyrði	
16. Kostnaður og svarbyrði	<p>Engin. Gögn koma rafrænt frá Ríkisskattstjóra.</p>
17. Endurskoðun hagtalna	
17.1 Endurskoðun hagtalna - stefna	<p>Sjá meginreglur um endurskoðun hagtalna: https://hagstofa.is/um-hagstofuna/stefnur-hagstofu-islands/stefna-hagstofu-islands-um-endurskodun-hagtalna/</p>
17.2 Endurskoðun hagtalna - framkvæmd	<p>Við birtingu nýrra talna eru eldri tölur endurskoðaðar. Sjá nánar í kafla 13, Nákvæmni og áreiðanleiki.</p>
18. Úrvinnsla hagskýrslna	
18.1 Grunnögn	<p>Framkvæmd byggir á:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Yfirlitin byggja að mestu á skattframtölum rekstraraðila (RSK 1.04) og rekstrarskýrslum einstaklinga (RSK 4.11), fyrirtækjaskrá Hagstofu Íslands og staðgreiðsluskrá. • Staðgreiðslugögn koma frá Ríkisskattstjóra en öllum þeim sem teljast launagreiðendur samkvæmt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, þ.e. sem inna af hendi eða reikna greiðslur sem teljast vera laun, ber að útfylla og skila sundurliðun launatekna mánaðarlega til ríkisskattstjóra.

18.2 Tíðni gagnasöfnunar	Gagnasöfnun á skattframtölum rekstraraðila (RSK 1.04), rekstrarskýrslum einstaklinga (RSK 4.11) og staðgreiðslugögnum fer fram tvisvar á ári.
18.3 Gagnasöfnun	Gagnasöfnun á skattframtölum rekstraraðila (RSK 1.04), rekstrarskýrslum einstaklinga (RSK 4.11) og staðgreiðslugögnum fer fram tvisvar á ári.
18.4 Sannprófun	Fjöldi prófana er framkvæmdur á milli mismunandi breytna og einnig er athugað samræmi gagna yfir tíma.
18.5 Gagnavinnsla	Tölfræðin er unnin eftir forskrift í reglugerð Evrópusambandsins nr. 295/2008 um hagskýrslur um skipulag fyrirtækja http://www.efta.int/sites/default/files/documents/legal-texts/eea/other-legal-documents/solr/translated-legal-acts/icelandic/i32008R0295.pdf
18.6 Aðlögun	-
19. Athugasemdir	
19. Athugasemdir	-